

28. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund þriðjudaginn 9. október 2001 kl. 21:00 í Ráðhúsinu.

Mættir voru Gretar D. Pálsson, formaður, Sigurþór Guðmundsson, Páll Hjaltalín, Guðmundur Kristinsson, Þorbergur Bæringsson, slökkviliðsstjóri og Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Gámastöð.
Stykkishólmsbær sækir um leyfi til að breyta staðsetningu gámastöðvar og færa staðsetningu hennar inn með flugvelli. Samþykkt samhljóða.
2. Silfurgata 12.
Hitaveita Stykkishólms spyrst fyrir um stöðuleyfi hússins vegna umsóknar um tengingu við hitaveituna.
Byggingarnefnd vísar til fyrri afgreiðslu um að húsið eigi að flytja af svæðinu.
3. Reitarvegur 3.
Óskar Eypórsson sækir um leyfi til að breytinga á húseigninni sbr. teikningu eftir Ásgeir Gunnar Jónsson. Samþykkt.
4. Erindi frá bæjarráði.
Framlögð fundargerð umferðarnefndar dags. 27. september sl. Nefndin gerir ekki athugasemdir við hugmyndir umferðarnefndar sbr. 2. lið.
5. Frístundahúsabyggð.
Framlagðar tillögur að skipulagi eftir Teiknistofuna Smiðjuvegi 11E. Formanni falið að ræða tillöguna nánar við Bæring B. Jónsson, arkitekt sem er að vinna að aðalskipulagstillögu.
6. Höfðagata 1.
Magnús Kristjánsson sækir um leyfi til að setja Velux-glugga á þak húss síns. Samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:55.

Gretar D. Pálsson (sign.),
Óli Jón Gunnarsson (sign.),
Þorbergur Bæringsson (sign.),
Páll Hjaltalín (sign.),
Sigurþór Guðmundsson (sign.),
Guðmundur Kristinsson (sign.).

Íhs.